


Bjarni Reykjalin,
Skipulags- og byggingarfulltrúi Þingeyjarsveitar og
Skútustaðahrepps
Kjarna
650 Laugar



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 8. maí 2014
Tilvísun: UST20140400052/ksj

Lýsing tillögu að deiliskipulagi. Garður 2 Mývatnssveit Skútustaðahreppi.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps er barst 3. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar um lýsingu deiliskipulags athafnalóða á jörðinni Garður 2 í Mývatnssveit.

Í lýsingunni kemur fram að nú sé hugmynd um að skapa möguleika fyrir aðra atvinnustarfsemi en mjólkurframleiðslu á Garði 2, t.d. úrvinnslu/heimavinnslu matvæla, hreinleg verkstæði fyrir vélaviðgerðir eða handverk og geymsluhúsnæði bæði fyrir vörur eða tæki og tól tengd ferðþjónustu.

Vatnsverndarsvæði

Eins og fram kemur á úrklíppu úr aðalskipulagi 2011 - 2023 er fylgir á uppdrætti erindisins er áætlað athafnasvæði í landi Garðs 2 inni á vatnsverndarsvæði Mývatns og Laxár. Á vatnsverndarsvæði Mývatns og Laxár gilda lög nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu og reglugerð nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Í ofangreindum lögum og reglugerð er markmiðið að stuðla að náttúruvernd á Mývatns- og Laxárvæðinu í samræmi við meginregluna um sjálfbæra þróun og tryggja að vistfræðilegu þoli svæðisins sé ekki stefnt í hættu. Þar af leiðandi telur Umhverfisstofnun vélaviðgerðir alls ekki henta á umrætt athafnasvæði, eða önnur sú starfsemi sem mögulega gæti haft mengun á vatnsverndarsvæðinu og Mývatni í för með sér.

Hraun

Ofangreint svæði sem í lýsingu að deiliskipulagi er áætlað fyrir athafnasvæði er við hraunnámu og er svæðið þakið hrauni að hluta en röskuðu hrauni að hluta. Umhverfisstofnun bendir á að hraun njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og skal forðast röskun þeirra. Í gildandi aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011 - 2023 kemur fram að það er stefna Skútustaðahrepps að leggja ríka áherslu á náttúruvernd og söguminjar við nýtingu lands og landgæða. Einnig er það stefna Skútustaðahrepps að forðast röskun jarðmyndana og vistkerfa sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. lag nr. 44/1999 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun leggur því ríka áherslu á að heillegum hraunmyndunum á svæðinu verði hlíft við raski ef áætlun um athafnasvæði í landi Garðs 2 gengur eftir.


Byggingar

Í lýsingu kemur fram að áætlað er að á athafnasvæðinu geti mögulega risið 400 - 500 fermetra

hús með mænishæð allt að 6 - 7 metrar. Að mati Umhverfisstofnunar eru áætluð athafnahús nokkuð stór og munu ekki falla vel að hinu fíngerða náttúruminjasvæði sem Mývatnssvæðið er. Umhverfisstofnun minnir á að í gildandi aðalskipulagi kemur fram að stefnt sé að fallegrí og aðlaðandi byggð og þar segir einnig að húsagerðir skuli hafa innbyrðis samræmi og að stefnt sé að góðri aðlögun að eldri byggð. Að mati Umhverfisstofnunar er því mikilvægt að stærðarhlutföll húsa verði skoðuð í samhengi við önnur hús á svæðinu, og að hús verði áætluð í stíl við landbúnaðarhús á svæðinu.

Fram kemur í lýsingu að náman sem er í nálægð við áætlað athafnasvæði er að hluta nýtt sem geymslusvæði t.d. fyrir búvélar. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að gengið sé svo frá botni með þéttingu eða dük að útilokað sé að smurolíur eða önnur mengandi efni er tengjast vélum komist í grunnvatn.

Virðingarfyllst


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun

